

152 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skólasjóð Menntaskólans í Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. september 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Menntaskólans í Reykjavík.

Í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 8. febrúar 1937, 46. gr., er svo fyrir mælt, að stofna skuli sjóð, er nefnist Skólasjóður. Hér fer á eftir skipulagsskrá hans:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Menntaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Nemendur þeir, sem ganga undir inntökupróf eða hirtfararpróf við skólann, greiða 15. kr. gjald til Skólasjóðs. Enn fremur skal ágóði af samkomum skólans, skólablaði og leiksýningum, renna í sjóðinn, nema annað sé ákveðið. Að öðru leyti skal skólastjórn afla sjóðnum tekna. Í því skyni er henni heimilt að leggja fast árgjald á nemendur og kennara skólans. Þó mega slík iðgjöld eigi vera hærri en 10 kr. á hvern mann, nema yfirstjórn skólans samþykki.

3. gr.

Hlutverk Skólasjóðs er að efla hvers konar viðleitni, sem horfir til hagsbóta fyrir skólann, nemendur og kennara og ekki er haldið uppi af almannafé. Þannig má veita fé úr sjóðnum til skólaselsins í Reykjakoti, íþróttastarfsemi, ferðalaga, hollra skemmtana og kaupa á handbókum handa skólanum. Veita má styrki til utanfara kennara og nemenda, allt að 1500 kr. í hvert sinn. Aldrei má veita úr sjóðnum meira en $\frac{1}{4}$ af árstekjum hans. Afganginn skal leggja við höfuðstól, sem ávaxta skal í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri stofnun jafntryggri.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa rektor, einn kennari, kosinn af kennarafundi, og umsjónarmaður skólans. Stjórnin hefur með höndum úthlutun úr sjóðnum. Rektor er formaður stjórnarinnar og heldur reikninga sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga skal birta í skólaskýrslu.

5. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast þegar gildi, og verður henni eigi breytt nema stjórn skólans og yfirstjórn hans samþykki.